

Fundargerð

Fimmti fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæðið norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruvörð.

Fundur á Teams 26.5.2023 kl. 10:00.

Þátttakendur:

Davíð Örvar Hansson og Lára Björnsdóttir f.h. Umhverfisstofnunar.
Aðalbjörg Sigmarsdóttir og Guðmundur Sigmarrson f.h. landeigenda Hrafnabjarga.
Ása M. Einarsdóttir f.h. FSRE/landeigenda Unaóss-Heyskála.
Eypór Stefánsson f.h. heimastjórnar Borgarfjarðar.

Markmið fundar

Áframhaldandi vinna við stjórnunar- og verndaráætlun

Fundarefni

- Athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlunardrög eins og þau lágu fyrir.
- Fara yfir efni sem fram kom á íbúafundi.
- Athugasemdir við tillögur DÖH sem sendar verða 19.6
- Almenn umræða og önnur mál.

Umræða

Íbúafundur í Hjaltalundi

- Rætt um íbúafundinn, góð mæting á fundinn og almenn sátt og ánægja. Talað um að vantað hefði fleira efasemdarfólk, gott að taka umræðu um erfiðu málin. Enn vantar þó upptökuna af íbúafundinum en fram kom meðal þeirra sem fylgdust með útsendingu að umræðurnar í tengslum við kynninguna skiluðu sér illa á upptökunni.
- Davíð sendi Excel skjal með efni "gulu miðanna" af fundinum.
- Á fundinum var mest talað um Stóruvörð en lítið um Stapavík og fleiri staði innan friðlýsta svæðisins.
- Í tengslum við íbúafund, funduðu fulltrúar UST með FFF og Vegagerðinni. Með vegagerðinni voru rædd bílastæðamál við gönguleiðina að Stapavík og uppi á Vatnsskarði. Vegagerðin upplýsti um að aðal áhersla væri á uppbyggingu bílastæðis á háskarðinu sem getur orðið mjög mikilvægt fyrir aðkomu að svæðinu en fellur utan landslagsverndarsvæðis.

Kallað eftir athugasemdum við drög að stjórnunar- og verndaráætlun.

- FSRE hefur ekki athugasemdir að svo stöddu en ef tilefni telst til verða athugasemdir sendar á hópinn í tölvupósti.
- Heimastjórn Borgarfjarðar, lögð er áhersla á tvennt sem mikilvægt er að taka tillit til. Það er hvar eða hvort það verða reiðhjólástígar og framtíð reiðleiðar milli Sandbrekku og Unaóss en það gæti orðið óvinsælt að færa þjóðleið hestamanna sem í dag liggur í gegnum hlað á Hrafnabjörgum. Einnig er komið

inn á mikilvægi þess að skoða almennt varðandi viðburðarhald á svæðinu og aðgengi viðbragðsaðila.

- Umræða frá landeigendum Hrafnabjarga um hvort það sé ekki Vegagerðarinnar að viðhalda reiðleiðum sem dæmi. Þá er komið inn á áður nefnt misræmi í deiliskipulagi á Hrafnabjörgum og aðalskipulagi sem landeigendur Hrafnabjarga munu benda á þegar aðalskipulag verður tekið upp.
- Spurt er hvort hugsað sé til WC aðstöðu við Unaós, það er eitthvað sem við gætum komið að í SVÁ.
- Umræða varð um hvort að á Unaósi gæti í framtíðinni orðið miðstöð og fræðslumiðstöð fyrir svæðið. Slíkt fræðslusetur gæti tekið á móti skólahópum, þar gæti verið tjaldsvæði, salerni o.fl.
Fulltrúi FSRE tók fram að jörðin væri í ábúð. Ef Umhverfisstofnun vildi óska eftir að fá jörðina og þann húsakost sem á henni er (með þeim gjöldum sem þeim fylgja) þá þyrfti að koma formlegt erindi til FSRE frá Umhverfisstofnun þar sem áhuga væri list á slíkum afnotum eftir að núverandi ábúð lýkur.
Umhverfisstofnun telur ekki tímabært að vinna að því á þessum tímapunkti að lýsa yfir áhuga á Unaósi undir fræðslusetur en telur áhugavert að skoða þá möguleika í framtíðinni.

Hjólreiðar og stígar

- Í umræðu um hjólreiðar kom fram hugmynd að eðlilegast gæti verið að fjallahjólum sé beint á neðstu leiðina Héraðsmegin. Ljóst er að þá þyrfti að byggja hana upp því hún er mjög blaut.
- Rætt um að mikilvægt sé að horfa til þess í þessari vinnu hvert beina á hjólreiðum, best að leið sé valin sem sát getur ríkt um og að útbúin sé aðstaða til leggja hjólum og læsa þeim.
- Hjólreiðar eru leyfðar á skilgreindum hjólaleiðum skv. friðlýsingarskilmálum, þurfum að skilgreina í SVÁ.
- Eðlilegt þykir að stígurinn af háskarðinu yrði gerður að góðum göngustíg og þannig yrði meginumferð gangandi beint um hann auk þess sem neyðaraðkoma viðbragðsaðila gæti farið þar um.
- Upplifunin er hvorki góð fyrir hjólandi né gangandi ef stígurinn er blandaður. Ef það færi svo að neðsta leiðin yrði byggð upp fyrir reiðhjól þá skiptir miklu máli að merkja hana fyrir hjól, þá veit göngufólk af því og það skemmir síður fyrir upplifuninni. Vitnað var til fyrirlesturs um stígagerð fyrir fjallahjól, þar var mesta áherslan lögð á að merkja leiðina vel fyrir hvaða hópa leiðin væri til þess að tryggja sem besta upplifun gesta en jafnframt þarf að tryggja að fólk sýni hvert öðru virðingu og aðgát til að forðast óhöpp.

Almenn umræða

- Umræða varð um áfangastaði, sérstaklega um hvort Dyrfjöll væru áfangastaður en nokkrar gönguleiðir liggja þar upp. Ekki er talið að margir gangi upp á Dyrfjöllin auk þess sem efasemdir eru um að aðalgönguleiðin sé í gegnum friðlýsta svæðið. Framhald þess hvort Dyrfjöll verði nefnd sem áfangastaður í SVÁ byggir á skoðun á því hvar aðalgönguleiðin liggur.

- Rætt um samráð við hagsmunaaðilana og hvernig því yrði háttað? Aðilar á samráðsáætlun ættu allir að hafa fengið tölvupóst í upphafi vinnunnar auk þess sem allir munu fá póst þegar drög verða send til kynningar. Ef aðilar óska í kjölfar kynningar eftir nánara samráði er velkomið að eiga fund með þeim sem þess óska. Taka skal fram í kynningarpósti um drög að velkomið sé að óska eftir fundi.
- Rætt um hvort einhverjir aðilar ættu að eiga fund með samstarfshópnum í heild. Nefnt var sem dæmi FFF sem hafa séð um landvörslu á svæðinu, einnig viðbragðsaðilar. T.d. mætti eiga fund með björgunarsveitinni Sveinunga en aðilar þar inni hafa örugglega einhverjar skoðanir á þessum málum, t.d. um aðkomuleiðir.
- Tekið vel í að hópurinn hafi fund með FFF, þeir sjá um landvörslu í sumar á svæðinu eins og áður, hópurinn getur einnig skoðað ársskýrslu landvarða til að glöggva sig á verkefnum inni á svæðinu.
- Í áætluninni er fjallað um mannvirki á svæðinu. Mikilvægt er að hópurinn setji þar stefnu um viðhald húsnæðis. Tillaga er að heimilt verði án leyfis UST að viðhalda og/eða endurbyggja húsnæði sem skemmist í sömu mynd en allar viðbætur og breytingar verði leyfisskyldar. Önnur lög eins og skipulagslög geta þó náð yfir framkvæmdir. Davíð skoðar nánar með lögfræðingum.
- DÖH fer yfir tillögur að stefnum í drögum. Ekki eru athugasemdir við tillögurnar og óskar DÖH eftir leyfi að halda áfram með þá vinnu, að móta stefnu fyrir svæðið í samræmi við umræðu fundanna sem haldnir hafa verið, þ.e. íbúafundur í Hjaltalundi, fundir samstarfshóps og aðrir samráðsfundir. Ekki voru mótbárur við það á fundinum en ef athugasemdir verða við fyrirkomulagið eftir fundinn þá má senda athugasemdir á allan samstarfshópinn. DÖH sendir svo fullmótuð drög á samstarfshóp til athugasemda.
- Farið yfir hve mikið vinnuálag er eftir fyrir hópinn, hve oft hann eigi eftir að funda og hvenær vænta má að verkefninu ljúki.
- Í grófum dráttum má segja að skyldum hópsins ljúki þegar vinnu við áætlunina er lokið. Ætla má að hópurinn þurfi að funda einu sinni áður en áætlun verður sett í kynningu og einu sinni eftir að hún kemur úr kynningu til þess að fara yfir athugasemdir. Mögulega þarf að funda oftar.
- Fyrirspurn kemur um merkingar á svæðinu. Mikilvægt að koma upp aðkomuskilti. Vegagerðarin sér um skilti við þjóðvegi og strangar reglur gilda um þær. Vinna í gangi hjá Vegagerðinni vegna aðkomuskilta en ekki hefur gengið vel að fá svör. Stefnt að upplýsingaskiltum við bílastæði á Vatnsskarði sem upplýsir fólk.

Næstu skref

Unnið verður í skiltamálum í sumar.



Friðlýsingar

DÖH heldur áfram með stefnu í stjórnunar og verndaráætlun og upplýsi samstarfshóp reglulega um framvindu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:05.